

## Veraldarvinir

**Til** : Helga Stefánsdóttir  
**Frá** : krh41@hi.is  
**Heiti** : Veraldarvinir  
**Málsnúmer** : 1709606  
**Málsaðili** : Veraldarvinir, áhugamannafélag  
**Skráð dags** : 30.10.2017 15:07:08  
**Höfundur** : krh41@hi.is

Sæl Helga

Í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ, langar Veraldarvini að endurbyggja gamla húsið í Krýsuvík. Við getum allavega komið að hreinsun hússins og getum byrjað að lagfæra þannig að auðveldara sé að meta ástand þess og skoða hverjir kostir eru í stöðunni. Þá getum við hreinsað allt rusl af svæðinu og hjálpað til við að girða og fjarlægja rusl. Eins má hugsa sér að við getum komið að því að gera upp húsin, gera upp gróðurhúsin. En við myndum geta komið okkur upp aðstöðu til ræktunar plantna sem síðan má nota við uppgræðslu í Krýsuvík, t.d. á vegum GFF (Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs).

Ef hægt væri að koma húsinu í sæmilegt ástand, myndum við vilja fá það fyrir sumargesti okkar, þ.e.a.s. sjálfboðaliða sem vinna myndu á svæðinu. Eins gætum við hugsanlega bjargað okkur með tjaldbúð. Hugsunin er þannig sú að þarna væri bækestöð fyrir sjálfboðaliða, sem síðan má flytja á aðra staði til starfa.

Við sjáum einnig fyrir okkur, að sjálfboðaliðar gætu komið að hreinsun við Seltún, tekið þátt í uppgræðslu, hreinsað rusl vestan við Sveifluháls, en þar er mikið rusl að finna í hellum, gjám og lautum. Fólk okkar getur komið að hreinsun á skothylkjum og leirdúfum sem er víða að finna á svæðinu og öðrum svæðum í námunda við bæinn. En við getum útvegað fjöldann allan af sjálfboðaliðum sem vinna verk undir handleiðslu þeirra sem vel til verka kunnar.

Við getum hugsað okkur að hreinsa strandlengju, gera göngustíga, stíka stíga og jafnvel hafa eftirlit með, t.d. þar sem torfærhjólaeigendur skemma land með utanvegaakstri. Þá geta sjálfboðaliðar séð um uppgræðslu slíkra svæða, t.d. í samvinnu við GFF. Við getum verið með nokkra hópa eða fáeina einstaklinga. Vinnuafli okkar er ungt fólk sem hefur oft þá kröfu eða þá hefð frá fjölskyldu sinni, að vinna sem sjálfboðaliði í hálf ár eða lengur. Margt af okkar unga fólkum langar að starfa við ýmiskonar gæslu eða vöktun svæða, s.s. við útihátíðir, sjólamarkaði eða hreinlega vöktun svæða.

Veraldarvinir þurfa að fá 1000 krónur fyrir hvern einstakling í matarpening fyrir hvern unninn starfsdag. Um flutninga starfsmenna til og frá vinnusvæði sjáum við sjálf. En við þurfum húsnæði, sem má vera lélegt og þarfnast endurbóta. Okkar fólk vill fá að vera í ýmis konar húsnæði og það er viljugt að taka til hendinni við endurbætur.

Verkefni sem til greina kemur að Veraldarvinir vinni fyrir sveitafélög eru af ýmsum toga en ávallt er hugsunin sú að verið sé að vinna verk sem annars yrði erfitt að fá fólk til að vinna. Alltaf er hugað að því að ekki megi störf þau sem unnin eru af sjálfboðaliðum skarast við það sem annars væri hægt og eðlilegt að vinna í launavinnu. En þannig er vinnan ávallt í þágu samfélagsins sem heildar en ekki hugsuð sem hagur einstaklinga eða hagnaður fyrirtækja. Störf sem þykja afar óhagkvæm á peningalega sviðinu og krefjast þess að fólk vinni með höndum en aðkoma vélarafli er nær óhugsandi, slík störf falla vel undir þá samfélagsþjónustu sem Veraldarvinir sinna.

Við biðjum um að vel verði hugsaður sá kostur og ígrundaður í þau, að leyfa Veraldarvinum að koma að endurbyggingu og nýtingu húsakostsins í Krýsuvík. En við erum þó einnig tilbúin til að finna aðrar leiðir í samráði við starfsfólk Hafnarfjarðarbæjar. Það sem fyrir okkur vakir, er fyrst og fremst að finna góðar og árangursríkar leiðir til að virkja sjálfboðaliða í þágu Hafnarfjarðarbæjar.

Kveðja,  
Kristján Hreinsson  
8980676